

Nd.

193. Frumvarp til laga

[155. mál]

um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Stofna skal Útflutningsmiðstöð iðnaðarins til að stuðla að auknum útflutningi íslenskra iðnaðarvара. Stofnendur eru Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, viðskiptaráðuneytið og iðnaðaráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að efla útflutning íslenskra iðnaðarvара og veita honum fyrirgreiðslu, með því, meðal annars:

1. Að kynna íslenskan iðnvarning á erlendum vettvangi, með þátttöku í vörusýningum og á annan hátt og veita upplýsingar um útflutningsiðnað á Íslandi.
2. Að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi og annast upplýsingamiðlun varðandi markaðshorfur og annað, sem útflutningssölu varðar.
3. Að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning og söluaðgerðir á erlendum mörkuðum.
4. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra í milli.
5. Að vekja athygli iðnfyrirtækja á útflutningsmöguleikum og veita hvatningu um hagnýtingu á þeim.
6. Að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum til útlanda og stofnun viðskiptasambanda varðandi íslenskar iðnaðarvörur.

4. gr.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun, með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa sex menn valdir til 4 ára í senn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda, en Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna einn mann hver. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Tilnefningar skulu berast iðnaðarráðuneytinu, en iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna eftir tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk til stofnunarinnar, til ákveðins tíma.

5. gr.

Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum, sem hún veitir þjónustu. Útflutningsmiðstöðin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

6. gr.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skulu sett í stofnskrá, sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af hálfu iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að því undanfarin ár að kanna heppilegt fyrirkomulag eins konar útflutningsmiðstöðvar, sem hefði þann tilgang að sameina hlutaðeigandi aðila til fyrirgreiðslu og eflingar útflutningi á íslenskum iðnvarningi. Er frumvarpi þessu ætlað að tryggja stofnun slíkrar miðstöðvar á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem athuganir þessar hafa nú leitt til.

Við undirbúning málsins hefur ráðuneytið sérstaklega kynnt sér skipan mála á þessu sviði í Noregi og Danmörku í sambandi við heimsóknir iðnaðarráðherra til starfsbræðra sinna í þessum löndum. Deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu hafði m. a. um tveggja vikna skeið viðdvöl í Osló á vegum norska iðnaðarráðuneytisins. Jafnframt hefur málið verið rætt við ýmsa fyrirsvarsaðila iðnaðarins hér á landi, og stuðzt hefur verið við umræður og athuganir í Iðnþróunarráði og á þess vegum.

Á framangreindu tímabili hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar á þessu sviði, sem veitt hafa reynslu og leiðbeiningu um það, hvert stefna skuli um alhliða lausn málsins. Má þar nefna til dæmis, að Iðnþróunarráð fól sérstakri undirnefnd haustið 1968 að athuga útflutningsmöguleika iðnaðarins, og skilaði sú nefnd álit í maí-mánuði 1969. Í henni áttu sæti þeir dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, Árni Þ. Árnason, iðnaðarráðuneytinu, Gunnar J. Friðriksson, Félagi ísl. iðnrekenda, Harry Frederiksen, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Bragi Hannesson, Landssambandi iðnaðarmanna. Á grundvelli tillagna, sem fram komu í þessari álitssgerð, hlutaðist iðnaðarráðherra til um skipun tveggja nefnda til samstarfs um eflingu tiltekinnna útflutningsgreina. Fjallaði önnur um útflutning neyzluvarnings úr íslenskum hráefnum eða með íslenskum sérkennum, svo sem ullar- og skinnvarnings, leirkeru og húsgagna. Hin nefndin fjallaði um útflutning á iðnvarningi, sem sérstaklega væri tengdur sjávarútvegi, svo sem vélum og veiðarfærum. Hafa báðar unnið gott starf.

Um svipað leyti fól iðnaðarráðuneytið tilteknum mönnum að kanna möguleika á útflutningi fiskiskipa frá íslenskum skipasmiðastöðvum. Var í því sambandi útbúinn sérstakur kynningarbæklingur á ensku til dreifingar erlendis. Í framhaldi af þessu skipaði ráðuneytið þriggja manna nefnd til að fjalla um málið, og hefur hún síðan unnið að framgangi þessa útflutnings.

Í sambandi við útflutningsmöguleika á framangreindum sviðum hefur ráðuneytið haft samráð við iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNIDO, og m. a. leitað eftir aðstoð úr hinum sérstaka iðnaðarþjónustusjóði, sem stofnunin hefur nýlega komið upp.

Þá ber einkum að nefna, að á árinu 1968 ákvað Félag ísl. iðnrekenda, með stuðningi ríkisstjórnarinnar, að koma á fót sérstakri útflutningsskrifstofu innan vébanda félagsins. Var henni einkum ætlað að aðstoða framleiðendur hér á landi við útflutning iðnaðarvara og efla aðstöðu þeirra til sameiginlegra átaka á því sviði. Framkvæmdastjóri hennar hefur verið Úlfur Sigurmundsson, hagfræðingur. Mikill einhugur hefur ríkt innan félagsins um rekstur skrifstofunnar, og hefur brautryðjendastarf hennar þegar skilað sýnilegum árangri. Af opinberri hálfu fékk skrifstofan á fyrsta ári 150 þús. kr. styrk frá iðnaðarráðuneytinu af því fé, sem það átti yfir að ráða til fyrirgreiðslu við iðnaðinn, en á árinu 1969 var veitt til hennar 1 millj. kr.

á fjárlögum. Sá styrkur var hækkaður í 3 millj. kr. á fjárlögum ársins 1970, og var sú hækking liður í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í samráði við fyrirsvarsmenn iðnaðarins með tilliti til aðildar Íslands að EFTA.

Framangreindar ráðstafanir og aðrar af svipuðu tagi, sem einnig mætti telja, hafa fyrst og fremst verið bráðabirgðaaðgerðir, en rutt brautina að viðtækara og varanlegra skipulagi. Taldi iðnaðarráðuneytið á s. l. vori, að tímabært væri að hefjast handa um að koma þessum málum í fastara og varanlegra form. Vildi ráðuneytið stuðla að því, að þegar yrðu kannaðir til hlítar möguleikar og hagkvæmni þess að koma á fót fastri stofnun, útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem vinna mundi að eflingu útflutningsiðnaðar og markaðsmálum, með aðild þeirra atvinnusamtaka og stofnana, er hagsmuna ættu að gæta, og með stuðningi hins opinbera, meðan til þyrfti.

Af þessu tilefni átti iðnaðarráðherra viðræðufund með fyrirsvarsmönnum iðnaðarins og viðskiptaráðuneytisins hinn 5. marz s. l., og hlaut málið þar góðar undirtektir. Í framhaldi af því skipaði ráðherra sérstaka samstarfsnefnd til að kanna framangreind sjónarmið og gera tillögur um stofnun útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Í nefndinni hafa átt sæti eftirfarandi aðilar:

Bjarni Björnsson, forstjóri, Miklubraut 38, R.
Gunnar J. Friðriksson, forstjóri, Snekkjuvogi 13, R.
Harry Frederiksen, framkvæmdastjóri, Barmahlíð 17, R.
Pétur Pétursson, hagfræðingur, Suðurgötu 20, R.
Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri, utanríkisráðuneytinu.
Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, viðskiptaráðuneytinu.
Árni Snævarr, ráðuneytisstjóri, iðnaðarráðuneytinu.
Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri, iðnaðarráðuneytinu.

Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins hefur veitt þessu samstarfi forstöðu. Þeir Jón Arnþórsson, deildarstjóri hjá SÍS, Tómas Á. Tómasson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, og Úlfur Sigurmundsson, hagfræðingur, tóku einnig þátt í störfum nefndarinnar, en lögfræðilegur ráðunautur hennar hefur verið Hjörtur Torfason, hrl.

Nefndin hefur unnið að málinu á liðnu sumri og hausti og hélt hún síðasta fund sinn hinn 2. nóvember. Það er einróma álit nefndarinnar, að stofna beri Útflutningsmiðstöð iðnaðarins á þeim grundvelli, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Verði hún rekin sem sjálfstæð stofnun með sameiginlegri aðild hinna almennu atvinnusamtaka, sem ráðandi eru í iðnaðinum, þ. e. Félags ísl. iðnrekenda, Landsambands iðnaðarmanna og Sambands ísl. samvinnufélaga, og jafnframt með aðild viðskiptaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins, a. m. k. meðan stofnunin verði studd með fjárframlögum af opinberri hálfu. Mundi slík stofnun verða til þess fallin að veita markvissa og samhenta forustu í útflutningsmálum iðnaðarins, og geta eflt hlut útflutningsiðnaðar í þjóðarbúskapnum til muna umfram það, sem annars mundi vera. Meginhlutverk stofnunarinnar yrði það, að annast alhliða kynningu út á við á útflutningsvörum iðnaðarins, markaðskönnun og markaðsleit, ásamt milligöngu um hvers konar viðskiptasambönd, en inn á við mundi hún starfa að kynningu á útflutningsmöguleikum og leiðbeiningu um hagnýtingu þeirra, og jafnframt aðstoða við skipulagningu framleiðenda á útflutningsstarfsemi sinni og stuðla að samvinnu þeirra á milli um framkvæmd hennar. Þannig mundi stofnunin geta leyst af höndum mikilvæg verkefni, sem einstökum iðnfyrirtækjum væru ofviða, og myndað sameiginlegan farveg fyrir þá reynslu og þekkingu, sem fyrirtækin þarfnast varðandi markaðshlið starfsemi sinnar.

Þau atvinnusamtök, sem að framan greinir, eru sammála um nauðsyn slíkrar miðstöðvar og reiðubúin til að standa að stofnun hennar í því formi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Af hálfu Félags ísl. iðnrekenda liggur það fyrir, að félagið muni leggja niður hina sérstöku útflutningsskrifstofu sína, ef frumvarpið verður að

lögum, en er reiðubúið að láta Útflutningsmiðstöð iðnaðarins verða aðnjótandi þeirrar aðstöðu og reynslu, sem skrifstofan hefur þegar aflað.

Samkvæmt frumvarpinu verður Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fyrst og fremst stofnun framleiðenda og útflytjenda sjálfra, en studd af hinu opinbera. Það er brýn og eðlileg nauðsyn, að sá stuðningur verði veittur í verulegum mæli. Meðal annars gerir aðild Íslands að EFTA það sérstaklega tímabært, að tryggja sem best varanlega aðstöðu slíkrar miðstöðvar.

Frumvarpi þessu er ætlað að mynda hinn nauðsynlega löggjafaramma um starfsemi útflutningsmiðstöðvarinnar, en gert er ráð fyrir, að málum hennar verði nánar skipað í stofnskrá, er samin verði á grundvelli laganna og staðfest af ráðherra. Hér á eftir verður vikið nánar að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um stofnendur útflutningsmiðstöðvarinnar, sem eru tæmandi taldir í greininni. Gert er ráð fyrir, að aðild þessara stofnenda verði undirstaðan að starfsemi stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um tilgang útflutningsmiðstöðvarinnar og verkefnum hennar lýst að meginstefnu til, í samræmi við þau sjónarmið, sem greint var frá hér að framan. Verkefnatalning greinarinnar er ekki tæmandi.

Þess ber að geta, að við milligöngu um vörusölu samkv. 6. tölul. mundi stofnunin ekki koma fram sem beinn söluaðili, heldur sem tengiliður milli ábyrgs seljanda og ábyrgs kaupanda.

Um 4. gr.

Hér ræðir um stjórn stofnunarinnar og skipulag, sbr. annars 6. gr. Talið er rétt að skipa stjórn stofnunarinnar tiltölulega fáum fulltrúum, er hafi sem beinastra hagsmuna að gæta, og þannig stuðlað að markvissri meðferð mála. Er stjórninni ætlað æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að framlög stofnenda, þar á meðal ríkisins, beri í upphafi meginhlutann af kostnaði við rekstur útflutningsmiðstöðvarinnar, en reynsla muni ráða, að hve miklu leyti kostnaðinum verði mætt með þjónustugjaldi úr hendi þeirra aðila, sem leita fyrirgreiðslu hjá stofnuninni. Einnig kæmi til greina í framtíðinni að leggja útflutningsgjald á iðnaðarvörur með samþykki framleiðenda, sem þá yrði látið renna til rekstrar útflutningsmiðstöðvarinnar. Um fjárhæð ríkisframlagsins eru ekki sett nánari ákvæði að svo stöddu, en ljóst er, að það þarf að ná til mjög verulegs hluta kostnaðarins. Er miðað við, að framlagið verði tiltekið á fjárlögum hverju sinni.

Það sýnist eðlilegt, að stofnunin verði undanþegin opinberum gjöldum. Er ekki ætlunin, að hún verði rekin í ágóðaskyni.

Um 6. gr.

Það felst m. a. í ákvæði þessu, að útflutningsmiðstöðin telst löglega stofnuð, er stofnskrá hennar hefur verið staðfest og stjórn skipuð. Breytingar á stofnskránni, ef gerðar eru, mundu þurfa staðfestingar ráðherra.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.